

# SKÁL! SKÁL! SKÁL!

*Lag: Sigmund Romberg (úr Stúdentaprinsinum)*

*Ljóð: Höskuldur Þráinsson*

Skál! Skál! Skál!

Já, skál fyrir ljúfum meyjum sem gleðja' okkar sál!

Skál! Skál! Skál!

Já, skál fyrir því sem kveikir í hjartanu bál.

Er hún leggur þér arma um háls

andstreymið hverfur og þú verður frjáls.

Varir rauðar og votar brár

þær vekja með þér heitar þrár.

Skál! Skál! Orka þín er

ennþá næg, sýnist mér.

Skál! Skál! Skál!

Og láttu þig dreyma að ljúfan sé hér.

Skál! Skál! Skál!

Á kvöldhimni birtist stjarna og tindrar svo tær.

Skál! Skál! Skál!

Já, það er hún Venus, fögur og skínandi skær.

Er hún speglast í augnanna hyl,

öllu þú gleymir og sorg er ei til.

Ástarstjarnan hún brosir blítt

svo brjóstið verður ungt og hlýtt.

Skál! Skál! orka þín er ...